

## 5. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan 7 daga og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað.

## 6. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Farið skal með brot á samþykktinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988, um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Dalabyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Laxárdalshreppi nr. 115/1989.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1998.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús, hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.300. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeningar kr. 4.200.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaening kr. 8.665 fyrir hvern poka.
- c) Á öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald kr.	Sorphreinsunargjald kr.
1. flokkur	6.040	24.150
2. flokkur	12.075	48.300
3. flokkur	24.150	96.600
4. flokkur	48.300	193.200
5. flokkur	96.600	386.400
6. flokkur	144.900	579.600

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1998.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. janúar 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1998 vera 471.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. janúar 1998.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*